
Minning

Kristmann Guðmundsson rithöfundur

Kveðja frá Rithöfundasambandi Íslands



Það er skammt stórra höggva á milli þegar Kristmann kveður okkur skyndilega og heldur á eftir Tómasi Guðmundssyni. Þeir voru ólíkir menn og ólík skáld, en báðir umluktir sterkum ævintýraljóma í augum íslensku þjóðarinnar. Kristmann fetaði í fótspor Jóhanns Sigurjónssonar, Gunnars Gunnarssonar og Guðmundar Kambans, brá sér til útlanda eins og ekkert væri sjálfsagðara en íslenskur höfundur sigraðist fyrirhafnarlaust á torfærum nýs tungumáls og legði heiminn undir skáldskap sinn. Fyrsta skáldsaga hans Brúðarkjóllinn kom út á norsku 1927, og á örfáum árum tókst honum að verða einhver vinsælasti höfundur í Noregi. Það eru ekki margir íslenskir höfundar sem geta státað af stærri né víðari lesendahóp. Ekki var laust við að þessir menn væru litnir hornauga fyrir að hverfa úr landi. En eftir á að hyggja færði þor þeirra íslenskri menningu ómetanlega gjöf í tvennum skilningi. Annars vegar vöktu þeir athygli heimsins á landi og þjóð og sagnaskáldskap okkar, og hins vegar áttu þeir mikinn þátt í að skapa íslenskri menningarvitund það sjálfstraust sem er forsenda þess auðuga lista- og menningarlífs sem við lifum nú. Því er ekki fjarri lagi að líkja Kristmanni við hirðskáldin fornu sem héldu uppi reisn Íslands í Noregi. Og hann varð í hugum margra ævintýramaðurinn mikli sem með orðtöfrum sínum sigraði sínar eigin takmarkanir. Fyrir allt þetta flytja íslenskir rithöfundar honum þakkir og kveðja hann með söknuði. Aðstandendum hans öllum og íslensku þjóðinni vottum við samúð við fráfall hans. Hins vegar er ég ekki viss um að Kristmann telji ástæðu til þess að hann sé syrgður við andlátið. Hann sagði við mig á áttræðisafmæli sínu með glettnisglampa í auga, að hann hlakkaði til að losna nú bráðum við skrokkinn á sér. Þess vegna óska ég honum heilla í því nýfengna frelsi sem ég vona að hann hafi nú öðlast.


Njörður P. Njarðvík

Litaðar teikningar:

Sýning Ingunnar Eydal

Halldór B. Runólfsson skrifar um myndlist

Ingunn Eydal sýnir um þessar mundir 44 verk í Kjarvalssal Kjarvalsstaða. Þetta er afrakstur listamannalauna þeirra sem kennd eru við Reykjavíkurborg og Ingunn hlaut þetta árið. Að vísu eru innan um verk sem gerð eru á undanförnum árum. Ingunn hefur getið sér gott orð fyrir grafíkmyndir enda er hún fyrst og fremst grafíklistamaður og hefur tekið þátt í fjölmörgum sýningum af því tagi hér heima og erlendis.



Að þessu sinni sýnir Ingunn olíumálverk og er það frumraun hennar á þeirri tegund myndlistar. Reyndar er það nokkuð augljóst og þarf ekki að skoða myndirnar lengi til að sjá að töluverður byrjendabragur er á þeim. Það stafar ekki af skorti á hæfileikum eða listrænni getu heldur skeytingarleysi um eðli og virkni olíumálunar eða þeirra miðla sem henni tilheyra. Ekki veit ég hvort þetta stafar af langri þjálfun Ingunnar sem grafíklistamanns eða einhverju öðru, en mikil áhersla á teikningu óháðri málun hefur eflaust sitt að segja.

Myndir Ingunnar er m.ö.o. grafískar (í merkingunni teiknikenndar) en ekki maleríska. Þær virka fremur sem litaðar teikningar en málverk. Þetta sést best með því að skoða litina og hvernig þeir eru notaðir. Sem tónaspil hafa þeir litla sem enga þyngd né dýpt og eru kæfðir með of mikilli mettun. Þá virðist hendingu háð hvar og hvernig liturinn er lagður á myndflötinn. Listamaðurinn virðist láta sér nægja að nota hann til aðgreiningar formunum. Þegar því takmarki er lokið skiptir litlu máli hvort heildin er sannverðug.

Þá er teikningin engan veginn nægilega lipur og örugg og má þar enn kenna um vankunnáttu í beitingu miðilsins. Lítil festa er í línum og þær eru myndvörpukenndar og lífvana. Þær ná ekki að skapa formunum heilsteypta umgjörð né draga fram mátt þeirra. Ingunn fellur í þann dæmigerða pytt að vilja yfirfæra litla blýantsteikningu of bókstaflega upp á stóran striga. Með því sprengir hún þanþol undirbúningsskissunnar.

Allir góðir málarar brjóta reglur og margir mætir listamenn hafa beitt aðferðum áþekkum þeim sem Ingunn notar. En þeir hafa gert sér grein fyrir möguleikum jafnt sem takmörkunum aðferðarinnar og snúið henni verkum sínum í hag. Árangurinn er ávallt fólginn í þeirri staðreynd að meira máli skiptir „hvernig" málað er en „hvað" málað er. Það nægir ekki að hafa góða hugmynd ef hún er illa fram reidd.

En þótt Ingunn eigi margt eftir ólært í málaralistinni er gleðilegt að sjá hana takast á við olíumiðilinn. Eins og ég hef oft bent á, dreg ég mjög í efa gildi þess að einskorða sig við eina tegund myndlistar, þótt að jafnaði höfði eitt svið öðru fremur til sérhvers listamanns. Þegar öllu er á botninn hvolft er aðeins til ein myndlist þótt útfæra megi hana á margvíslegan hátt. Eins er aðeins til ein tónlist þótt hljóðfærin séu mörg. Kannski sýna verk Ingunnar best brotalömina í sérfagrænni skólun þar sem listin er hólfuð niður í básа eftir ákveðnum tækjum og öll heildarsýn látin lönd og leið. Er ekki kominn tími til að taka mið af margbreytileik myndlistarinnar eins og hann birtist í verkum fremstu listamanna sögunnar, þeirra sem hafa brugðið sér í ótal líki og ekki látið staðar numið við einn búning þótt þægilegur væri.

Erlendar bækur

Rowland J. Mainstone: Developments in Structural Form. Allen Lane/Penguin Books 1983.

Rowland Mainstone er verkfræðingur að menntun og hefur lagt mikla stund á rannsóknir í byggingarfræðum einkum varðandi byggingartækni og byggingarform fyrri tíma stórbygginga. Hann hefur m.a. rannsakað byggingarstrúktúr Sofíukirkjunnar í Miklagarði og hvelfinga dómkirkjunnar í Flórenz.

Í þessu riti fjallar hann um strúktúr og form bygginga og brúa. Hér rekur hann byggingarmáta frá elstu tímum og þá einkum undirstöðu allra bygginga, grindina, sem bar uppi efnið, sem notað var. Hús eru reist til þess að þar megi finna skjól og lengst af hafa ákveðnar gerðir grinda verið notaðar um allan heim. Byggingarlagið hélst óbreytt um aldir, fjölbreytileiki þess fór eftir kunnáttu og efnisvali á hverju svæði, breytingar verða við notkun nýrra efna, sem áður voru ókunn. Höfundurinn fjallar um strukturinn og konstruktionirnar og fleira sem snertir samsetningu bygginga. Um 300 hundruð myndir fylgja í texta og bókaskrár og orðalistar og athugagreinar gera bókina, ásamt texta höfundar hreina námu fyrir þá sem sinna húsbyggingum og leggja stund á byggingarlist.

Murillo og byggingarlist

Bartolomé Esteban Murillo 1617-1682. Museo del Prado Madrid 1982 – Royal Academy of Arts London 1983. Catalogue published in association with Weidenfeld and Nicolson 1983.

Murillo var talinn til hinna mestu meistara á 19. öld, á þeirri 20. breyttist matið og kom margt til, einkum það, að hann var talinn of mildur í verkum sínum og auk þess mjög auðskilinn. Þetta er nú að breytast að því er Hugh Casson skrifar í formála að þessum katalog, en hann er forseti Royal Academy í London. Þessi sýning í Prado og London varð til þess að nokkuð endurmat átti sér stað á verkum þessa milda meistara, sýningin var m.a. haldin í minningu 300 ára ártíðar listamannsins.

Murillo var uppi á blómaöld málralistarinnar, þeirri 17. Hann var samtíðarmaður Velasquesae og talið er að hann hafi orðið fyrir talsverðum áhrifum af honum. Hann varð strax mjög vinsæll og eftirsóttur málari og vinsældir hans héldust fram undir síðustu aldamót, eins og áður segir.